



Skólaráðsfundur 8. desember 2016

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Anna Birna Gunnlaugsdóttir, fulltrúi kennara, Lilja Stefánsdóttir formaður foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Geirný Geirsdóttir fulltrúi foreldra, Kristján Carlsson Gränz fulltrúi foreldra og grenndarsamfélags, Sigmundur Már Herbertsson fulltrúi starfsmanna í Njarðvíkurskóla, Jenný L. Lárusdóttir fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Garðar Ingi Róbertsson formaður nemendafélags skólans, Veigar Páll Alexandersson varaformaður nemendafélags skólans og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari), Hallveig Fróðadóttir kennari boðaði forföll.

1. Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri, kynnti niðurstöður samræmdra prófa hjá 4. og 7. bekk sem voru í september. Einnig var kynnt nýtt fyrirkomulag um samræmd könnunarpróf fyrir 9. og 10. bekk sem verður í mars.
2. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, sagði frá umræðum og könnunum sem við erum búin að vera með varðandi umfang heimanáms hjá nemendum. Stefnt er að því að taka saman niðurstöður af umræðufundi kennara, könnun meðal kennara og könnun meðal foreldra og kynna fyrir skólaráði á næsta fundi.
3. Guðný kynnti sjálfsmatsskýrslu frá skólaárinu 2015-2016. Farið var yfir styrkleika og veikleika í hverjum þætti og rætt um úrbætur sem farið var í til að styrkja þá þætti sem ekki koma vel út í sjálfsmati.
4. Ásgerður sagði frá að framtíðarsýn Njarðvíkurskóla er í vinnslu en byggt er á þeirri framtíðarsýn sem við settum okkur 2011 og gildi til 2016. Framtíðarsýn skólans mun tengjast nýrri Menntastefnu Reykjanesbæjar en Ásgerður kynnti hana og hvatti fundarmenn til að kynna sér hana.
5. Önnur mál:
 - a. Ásgerður sagði frá góðum niðurstöðum í PISA fyrir Reykjanesbæ.
 - b. Rætt var um stöðu mála í skólanum vegna kjarasamninga kennara og uppsagna hjá kennurum við skólann. Kristján Gränz spurði hvort skólinn væri með viðbragðsáætlun vegna þessa. Skólastjóri sagði það ekki en sagði frá fundi sem bæjarstjóri og fræðslustjóri auk annarra frá Reykjanesbæ héldu með kennurum skólans og var almenn ánægja með þann fund að sögn Önnu Birnu, fulltrúa kennara í skólaráði.
 - c. Kristján spurði um hvort nemendur væru farnir af stað með verkefnið frá MMS í forritun (Kóðinn) og Ásgerður sagði það vera. Þau væru byrjuð að vinna með þetta í skólanum en færu með þetta heim þegar þau væru komin betur af stað í verkefninu.
 - d. Næsti fundur verður í febrúar og þá mun nemendaráð skólans kynna starfið þeirra fyrir fundarmönnum auk annars.

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri